



Varðar: Kleppsvegur 88, (fsp) vinnustofa


Skoðuð var fyrirspurn Ívars Haukssonar, dags. 1. febrúar 2023, um að koma fyrir vinnustofu á lóð nr. 88 við Kleppsveg, samkvæmt uppdr. Verkfræðistofu Ívars Haukssonar ehf. dags. september 2022.




kort



hluti deiliskipulag



mæliblað



hluti umsóknar

Skipulagsleg staða: Lóðin er á íbúðarsvæði samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Fyrir liggur deiliskipulag fyrir svæðið „Sundin“ samþykkt í borgarráði 19.11.1963.

Aðstæður: Lóðin er í miklum halla og eru byggingar/byggingareitir staðsettir að götu til norðurs þar sem lóðin er lægst. Bygging að lóðarmörkum til suðurs mun því verða áberandi í götumyndinni til suðurs og hafa töluverð umhverfisáhrif fyrir aðliggjandi lóðir.

Fyrirspurnin: Sótt er um að byggja er 30 m² vinnustofu, sem er eitt rými með bað-/salernisaðstöðu og lítilli innréttingu, sem leggst að lóðarmörkum til suðurs og austurs.

Niðurstaða: Fyrirspurnin samræmist ekki deiliskipulagi þar sem byggt er utan byggingareits.

Ekki er mælt með því að heimilað verði að láta breyta deiliskipulagi m.t.t. framsettrar tillögu þar sem hún þykir ekki falla vel að byggðamynstri eða vera þess eðlis að falla að framtíðar þróunar byggðarinnar allrar.

Ekki er fallist á útfærslu að steypum vegg í lóðarmörkum til suðurs, heldur mælt með að horft sé til þeirrar lausnar sem er aðlægt lóðinni þ.e.a.s. gisið/gegnsætt handrið á steypum vegg.

Bent er á að hafin er heildar endurskoðun deiliskipulagsáætlana í borgarhlutanum/hverfinu og munu þar verða skoðaðir möguleikar til þróunar byggðarinnar.

Fh skipulagsfulltrúans í Reykjavík
Lilja Grétarsdóttir arkitekt og verkefnisstjóri